

## **Tillaga um breytingar á skáklögum SÍ (keppnisréttur Íslandsmeistara kvenna í landsliðsflokki)**

1. Við 1. mgr. 5. gr. bætist nýr 5. töluliður, svohljóðandi:

„Íslandsmeistari kvenna frá árinu áður.“

2. Núverandi 5. töluliður 1. mgr. 5. gr. falli brott en í hans stað komi nýr 6. töluliður, svohljóðandi:

„Eftir atvikum aðrir keppendur valdir af stjórn SÍ.“

3. Eftirfarandi breyting verði á 3. mgr. 5. gr.: Í stað orðanna „5. tölulið“ komi „6. tölulið“.

### Greinargerð

Laganefnd barst erindi frá kvennaskáknefnd þar sem lagt var til að gerð yrði breyting sem fæli í sér að með sigri á Íslandsmóti kvenna áynni sigurvegarinn sér keppnisrétt í landsliðsflokki Skákþings Íslands árið eftir, líkt og nú gildir um ungmennameistara Íslands. Tillagan var rökstudd með vísan til þess að breytingin væri til þess fallin að auka vægi og virðingu Íslandsmóts kvenna ásamt því að auka sýnileika kvenna í íslensku skáklífi. Sams konar rök og eigi við um þátttökurétt ungmennameistarans eigi einnig við um Íslandsmeistara kvenna, þ.e. áhersla á að auka og styðja við þátttöku ungmenna og kvenna í skák. Enn fremur var bent á að árið 2022 er ár kvennaskákar og því væri við hæfi að gera þessa breytingu nú.

Laganefnd tekur undir sjónarmið kvennaskákneftndar hvað þetta varðar og nefndirnar standa því sameiginlega að tillögunni.

Reglur um þátttökurétt í landsliðsflokki Skákþings Íslands eru í 1. mgr. 5. gr. laga SÍ. Ljóst er að ef tillaga þessi nær fram að ganga fækkar um eitt þeim sætum sem stjórn SÍ velur samkvæmt núgildandi 5. tölulið málgreinarinnar. Ef um 10 manna flokk er að ræða og allir sem keppnisrétt eiga skv. 1.–4. tölulið auk hins nýja 5. töluliðar þiggja sæti verða raunar engin sæti eftir til ráðstöfunar samkvæmt hinum nýja 6. tölulið, þ.e. keppendur sem stjórn SÍ velur. Því er lagt til að orðin „Eftir atvikum“ komi inn í hinn nýja 6. tölulið þar sem það kann að verða breytilegt hvort um verði að ræða val samkvæmt því ákvæði.

Í 3. mgr. 5. gr. er vísað í núgildandi 5. tölulið 1. mgr. í tengslum við þau sjónarmið sem stjórn SÍ skal líta til við val á keppendum samkvæmt ákvæðinu. Þar sem lagt er til að efni núgildandi 5. töluliðar færist í nýjan 6. tölulið er jafnframt lagt til að umræddri tilvísun verði breytt til samræmis.